

Starfshópur um stefnumótun
Stykkishólmsbæjar í málefnum aldraðra

3. fundur haldinn á Ráðhúsloftinu 28. ágúst 2021
Fundur hófst kl. 19:30.

Fundinn sátu:

Sumarliði Ásgeirsson formaður
Hanna Jónsdóttir
Ingveldur Eypórsdóttir
Magnús Ingi Bæringsson tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

Fundargerð ritaði: Magnús Ingi Bæringsson

Farið yfir punkta frá síðusta fundi. Mikil og góð umræða þessa dagan í fjölmiðlum um málaflokkinn og sér í lög um aukna áherslu á heimahjúkrun með það að markmiði að gera þeim sem hennar njóta kleift að búa heima þrátt fyrir veikindi eða heilsubrest.

Töluverð umræða verð um áfengismisnotkun aldraðra sem falinn vaxandi vanda og sjálfsákvörðunarrétt aldraðra t.d. þegar kemur að því að velja meðlæti með mat.

Á að bjóða upp á herbergi sem eru ekki með eldhúsi? Það gæti kallað á t.d. aðgengi að ískáp í almennu rými.

Hópurinn telur að ekki verði hjá því komist að bjóða upp á dagþjónustu og iðjubjálfun.

Rætt um mikilvægi rafskutlunnar sem ferðamáta fyrir eldri borgara, að hún gæti gefið fólki mikið frelsi. Gera þarf ráð fyrir aðgengi, og aðstöðu.

Mikilvægt að tryggja aðstöðu fyrir hvíldarinnlögn í Stykkishólmi. Leita þarf svara við hvort HVE verði með hvíldarinnlögn í 2-3 sólarhringa, hvort þar á bæ verði aukin þjónusta í heimahjúkrun og boðið upp á neyðarvakt kvöld og nætur. Niðurstaða að starfshópur leiti til HVE um þeirra framtíðarsýn varðandi þjónustu við eldri borgara. Velt var upp hvaða spurningum hópurinn vill fá svör við hjá HVE.

Ef kostur er væri gott að dreifa betur heimsóknum þeirra sem sjá um þrif og heimahjúkrun þannig að þessir þjónustuaðilar komi helst ekki sama dag. Sumir fá sjaldan heimsókn og því skiptir þetta atrið miklu máli. Einnig var rætt um rauðakrossinn og heimsóknavini.

Í Hveragerði er fjölbreitt úrræði og því áhugi hjá starfshópnum að heimsækja Hveragerði og kynna sér aðstæður. Einnig nefndir staðir eins og Akranes þar sem verktakar sjá um heimilsþrif og Borganes. Einnig áhugi á að kynnst betur starfsemi Fríðuhús sem er með dagvistun fyrir fólk með heilabilun, Sumarliði tók að sér að hlera Gísla með að taka á móti starfshópnum í Hveragerði og í framhaldi verði skoðað að koma við á fleiri stöðum ef tími gefst.

Mikilvægt orðið að kynna starfshópin og hlutverk hans fyrir íbúum Dvalarheimils og búseturéttaríbúðum. Í Kjölfarið kalla eftir hvað þau eru glöð með og hvað mætti gera til að bæta þjónustuna til framtíðar.

Næsti fundur fyrirhugaður 6. september kl. 19:30 í ráðhúsi og þaðan haldið svo upp á dvalarheimili þar ráðgert að hefja fund kl. 20:00 með kynningu fyrir íbúum á tilgang starfshóp og óskar eftir tillögum.

Fundi slitið kl. 21:00